

REGLUGERÐ

um []. breytingu á reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. gr.

- a. Ákvæði 4. tl. 3. gr. orðast svo:
Eftirlitsaðili er Umhverfis- og orkustofnun.
- b. Við bætist ný skilgreining í stafrófsröð svohljóðandi:

Starfsemi þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta eru heilsugæslustöð, sjúkrahús, sjúkrastofnun, tannlæknastofa, læknastofa og fóttaaðgerðastofa sem og heilbrigðisstéttir svo sem osteopati, kírópraktor, sjúkranuddari og sjúkráþjálfari.
- c. Við bætist ný skilgreining í stafrófsröð svohljóðandi:

Stofa þar sem fram fer meðferð á líkama án húðrofs eru stofur svo sem snyrtistofur sem ekki eru með varanlega förðun eða fylliefni, naglastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur, sólbaðsstofur og þess háttar.
- d. Við bætist ný skilgreining í stafrófsröð svohljóðandi:

Stofa þar sem fram fer húðrof eru stofur sem bjóða upp á húðflúr, götun, varanlega förðun, nálastungur og þess háttar.

2. gr.

Ákvæði 4. gr. fellur brott.

3. gr.

Heiti II. kafla verður: **Ábyrgð á heilbrigðiseftirliti.**

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.

- a. 1. mgr. orðast svo:

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar.
- b. 2. mgr. fellur brott.
- c. 4. mgr. fellur brott.

5. gr.

Ákvæði 6. gr. fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.

- a. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 1. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- b. Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 5. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.

7. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 1. og 2. másl. 8. gr., þrívægis í 6. mgr. 9. gr., 2. og 3. mgr. 10. gr., 1. mgr. 11. gr., og tvívægis í 2. mgr. 11. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

8. gr.

Í stað orðsins „nefndinni“ í 2. mgr. 10. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr.

- a. Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 2. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
- b. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 3. mgr. og 3. másl. 4. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- c. Orðin „heilbrigðisnefndar eða“ í 1. másl. 4. mgr. falla brott.

10. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ tvívægis í 2. mgr. 14. gr., 4. mgr. 14. gr, 1. mgr. 16. gr., 3. mgr. 16. gr., 3. mgr. 17. gr., 5. mgr. 17. gr., tvívægis í 6. mgr. 17. gr., 8. mgr. 17. gr., 2. mgr. 19. gr., 20. gr. 4. mgr. 23. gr., 2. mgr. 24. gr., 7. mgr. 32. gr. og 8. mgr. 32. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

11. gr.

Í stað orðanna „viðkomandi heilbrigðisnefndar“ í 15. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.

12. gr.

Ákvæði 3. mgr. 18. gr. fellur brott.

13. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðisnefnd“ fjórum sinnum í 2. mgr. 21. gr. og „heilbrigðisnefndar“ tvívægis í 2. mgr. 21. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

14. gr.

Ákvæði 42. gr. fellur brott.

15. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðisnefndar“ í 1. mgr. og 4. mgr. 43. gr. og „heilbrigðisnefnd“ í 4. mgr. 43. gr. og þrívægis í 6. mgr. 43. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr.

- a. Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í heiti greinarinnar kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
- b. 1. mgr. fellur brott.
- c. 2. mgr. fellur brott.
- d. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 3. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun
- e. 4. mgr. fellur brott.

- f. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 1. málsl. og 2. málsl. 5. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- g. 3. málsl. 5. mgr. fellur brott.
- h. Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 6. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.

17. gr.

Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 45. gr. fellur brott.

18. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ þrívægis í 3. mgr. 45. gr., 3. mgr. 48. gr., tvívægis í 1. mgr. 50. gr., 1. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 51. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr.

- a. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 1. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- b. 2. mgr. fellur brott.

20. gr.

Ákvæði 2. mgr. 50. gr. fellur brott.

21. gr.

Í stað upptalningar í töluliðum í viðauka reglugerðarinnar kemur eftirfarandi:

1. Almenningsalerni.
2. Baðstaður í náttúrunni, flokkur 1 og 2.
3. Daggæsla hjá dagforeldrum með sex börn eða fleiri.
4. Dvalarheimili.
5. Fangagæsla.
6. Fangelsi.
7. Gististaður, að undanskilinni heimagistingu.
8. Heilsuræktarstöð.
9. Heimili og stofnanir fyrir börn og unglunga með sex börn eða fleiri.
10. Hestaleiga og/eða reiðskóli.
11. Íþróttahús.
12. Íþróttamiðstöð.
13. Íþróttavöllur.
14. Leiksvæði, önnur en leiksvæði við fjöleignarhús með sameiginlegu svæði.
15. Sambyli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn.
16. Samgöngumiðstöð.
17. Samkomuhús, þ.m.t. veitingastaður.
18. Skemmti- og þemagarður, þ.m.t. tívolí og dýragarður.
19. Skólahúsnæði.
20. Starfsmannabúðir.
21. Starfsmannabústaðir.
22. Starfsemi þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta.
23. Stofa þar sem fram fer húðrof.
24. Stofa þar sem fram fer meðferð á líkama án húðrofs.

- 25. Sund- og baðstaður.
- 26. Tjald- og hjólhýsasvæði.
- 27. Útihátíð.
- 28. Verslunarmiðstöð.

22. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu [] 2026